

Nd.

729. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingskóp Alþingis.

Flutningsmenn: Einar Arnórsson, Sigurður Stefánsson, Einar Árnason, Stefán Stefánsson, Pjetur Ottesen, Jón Jónsson, Þorleifur Jónsson, Björn Kristjánsson, Hákon Kristófersson, Þorsteinn Jónsson, Pjetur Þórðarson.

1. gr.

52. gr. laga nr. 29, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Þingskjöl og atkvæðagreiðslur á Alþingi skal prenta í Alþingistíðindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Prentunarkostnaður er nú orðinn gífurlega hár, og prentun fyrir þingið eykst ár frá ári. Þegar þar við bætist, að meðan þingræður eru ekki hraðritaðar geta þær aldrei, þótt prentaðar sje, orðið sannur spegill af umræðunum eins og þær eru fluttar, virðist njett að spara kostnað við prentun þeirra. Vítanlega verða handrit ræðnanna að sjálfsgöngu geymd í skjalasafni þingsins.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra Alþingis skal þess getið, til frekari skýringar, að prentun og pappír á hverri örku af umræðum Alþingis 1913 kostaði kr. 38,00, en samkvæmt tilboði frá Ísafoldarprentsmiðju og Fjelagsprentsmiðjunni, dags. 30. ágúst 1919 (sjá fylgiskj. I og II), kostar nú prentun á hverri örku kr. 115,65, og auk þess kostar pappír í hverja örku kr. 45,70, miðað við 46 kr. verð á hverju pappírslísi.

Prentun og pappír á hverja örku af umræðunum er því nú kr. 161,35.

Verður þá prentun og pappír á hverja örku af umræðum Alþingis nú 325% hærrí en 1913.

Síðan tilboð frá prentsmiðjunum kom fram hafa þær auglýst, að prentkostnaður sje hækkaður um 30%, og verður því prentkostnaður á hverja örku kr. 115,65 + 34,70 = kr. 150,35. Þar við bætist svo pappír í hverja örku, kr. 45,70. Verður því prentun og pappír á hverja örku af umræðunum alls kr. 196,05.

Hækkun á prentun og pappír verður þá frá 1913 og til þess, sem nú er komið, samkvæmt tilboði prentsmiðjanna 325%
Þar við bætast 30% af kr. 115,65, sem er af 38 kr. (= öllum prentkostnaðinum á hverja örku 1913) 91%

Hækkun á prentun og pappír á hverja örku af umræðum Alþingis síðan 1913 er því alls 416%

Enn fremur skal á það bent, að samkvæmt tilboði prentsmiðjanna verður með engu móti sagt, hverri breytingu verð á pappír muni taka uns lokið væri prentun á umræðum frá yfirstandandi þingi. Og loks má geta þess, að ekki er sjeð fyrir endann á því, að vinnulaun prentara geti hækkað frá því, sem nú er komið, og til þess, er lokið væri prentun á umræðum þingsins, en það mundi ekki verða fyr en öndverðlega á árinu 1920.

Ef gert væri ráð fyrir, að umræður frá yfirstandandi þingi yrðu 230 arkir með efnisyfirliti, og það mun láta nærri lagi, þá mundi prentun þeirra kosta um 45000 kr., að meðtöldum pappír, samkvæmt tilboði prentsmiðjanna, þótt ekki væri tekið tillit til verðhækkunar, sem verða kann á pappír, eða kauphækkunar prentara, er verða kynni.

Fylgiskjal I.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA HF.

Reykjavík, 30/3 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Ísafoldarprentsmiðju hf. geri svo felt tilboð í prentun og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örsk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi með heftingu kr. 115,65, þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46,00.

Pappírsvorðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er siðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanfögnu og þannig, að Ísafoldarprentsmiðja hf. hafi »Umræður um samþykkt mál og afgreidd«.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

pp. Ísafoldarprentsmiðja hf.

Herbert M. Sigmundsson.

Til Alþingis 1919.

Fylgiskjal II.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN.

Reykjavík, 30/3 1919.

Jeg undirritaður forstjóri Fjelagsprentsmiðjunnar geri svo felt tilboð í prentun og pappír og heftingu Alþingistíðindanna 1919, sem hjer segir:

Fyrir prentun á örsk af ræðuparti með 700 eintaka upplagi og heftingu kr. 115,65.

Þó með þeim fyrirvara, að sú hækkun, sem hjer eftir kann að verða á vinnulaunum, bætist við.

Pappír í Alþingistíðindin eftir reikningi á pr. rís kr. 46,00.

Pappírsvæðið þó því skilyrði bundið, að birgðir þær, er síðar koma, verði ekki dýrari en pappír sá, sem prentsmiðjan á nú.

Gert er ráð fyrir, að verkinu verði hagað eins og að undanfögnu og þannig, að Fjelagsprentsmiðjan hafi »Umráðum um fallin mál, óútrædd og aftur tekið og um fyrirspurnir« ásamt efnisyfirliti.

Enn fremur að hraði afgreiðslunnar sje bundinn því skilyrði, að mögulegt verði að vinna fullkominn vinnutíma vegna hreyfiaflsins og ljósa (gass og rafmagns).

Með mikilli virðingu.

St. Gunnarsson.

Til Alþingis 1919.